

REGLUGERÐ

um (30.) breytingu á reglugerð nr. 301/1995 um eftirlit með sáðvöru.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í III. kafla I. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2016, frá 5. febrúar 2016, öðlast eftirtaldar ESB-gerð gildi hér á landi:

Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1955 frá 29. október 2015 um breytingu á I. og II. viðauka við tilskipun ráðsins 66/402/EBE um markaðssetningu sáðkorns. Tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 18, frá 31. mars 2016, bls. 163.

2. gr.

9. viðauka við reglugerð nr. 301/1995, með síðari breytingum, er breytt í samræmi við viðauka þessarar reglugerðar.

3. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

4. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 9. gr., 9. gr. a – 9. gr. e laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Hún er sett til innleiðingar á framkvæmdartilskipun (ESB) 2015/1955, sbr. 1. gr., og framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2015/1168 frá 15. júlí 2015 um breytingu á tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB og 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB, í þeirri röð, að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna og grænmetistegunda í landbúnaði, sem tekin var inn í III. kafla I. viðauka við EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2016, frá 5. febrúar 2016. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 29. nóvember 2016.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Eggert Ólafsson.

VIÐAUKI

9. viðauki reglugerðarinnar, er hefur fyrsögnina: „Skrár yfir yrki sem uppfylla evrópskar og alþjóðlegar viðmiðunarreglur“, orðast svo:

A. CPVO

Nytjaplöntur í landbúnaði.

Skrá
yfir tegundir, sem eiga að fullnægja aðferðarlýsingum
yrkisskrifstofu Bandalagsins (CPVO) að því er varðar prófanir.

| Vísindaheiti | Almennt heiti | Aðferðarlýsing yrkis- skrifstofu Bandalagsins |
|---|---|--|
| <i>Festuca filiformis</i> Pourr. | Þráðvingull | TP 67/1 frá 23.6.2011 |
| <i>Festuca ovina</i> L. | Sauðvingull | TP 67/1 frá 23.6.2011 |
| <i>Festuca rubra</i> L. | Rauðvingull | TP 67/1 frá 23.6.2011 |
| <i>Festuca trachyphylla</i> (Hack.) Krajina | Skrápvingull | TP 67/1 frá 23.6.2011 |
| <i>Lolium multiflorum</i> Lam. | Ítalskt rýgresi | TP 4/1 frá 23.6.2011 |
| <i>Lolium perenne</i> L. | Vallarrýgresi | TP 4/1 frá 23.6.2011 |
| <i>Lolium x boucheanum</i> Kunth | Rýgresisblendingur | TP 4/1 frá 23.6.2011 |
| <i>Pisum sativum</i> L. | Fóðurertur | TP 7/2 endursk. frá 11.3.2015 |
| <i>Brassica napus</i> L. | Fóðurrepja | TP 36/2 frá 16.11.2011 |
| <i>Brassica napus</i> L. var. <i>napobrassica</i> (L.) Rchb. | Gulrófa | TP 89/1 frá 11.3.2015 |
| <i>Cannabis sativa</i> L. | Hampur | TP 276/1 frá 28.11.2012 |
| <i>Helianthus annuus</i> L. | Sólblóm | TP 81/1 frá 31.10.2002 |
| <i>Linum usitatissimum</i> L. | Lín (spunalín, olíulín) | TP 57/2 frá 19.3.2014 |
| <i>Avena nuda</i> L. | Snoðhafrar, hýðislausir hafrar | TP 20/1 frá 6.11.2003 |
| <i>Avena sativa</i> L. (þ.m.t. <i>A.</i> <i>byzantina</i> K. Koch) | Hafrar | TP 20/1 frá 6.11.2003 |
| <i>Hordeum vulgare</i> L. | Bygg | TP 19/3 frá 21.3.2012 |
| <i>Oryza sativa</i> L. | Hrísgrjón | TP 16/2 frá 21.3.2012 |
| <i>Secale cereale</i> L. | Rúgur | TP 58/1 frá 31.10.2002 |
| <i>xTriticosecale</i> Wittm. ex A. Camus | Blendingar sem koma fram við kynblöndun tegunda af ættkvíslinni <i>Triticum</i> og tegunda af ættkvíslinni <i>Secale</i> | TP 121/2, 1. endursk. frá 16.2.2011 |
| <i>Triticum aestivum</i> L. | Hveiti | TP 3/4, 2. endursk. frá 16.2.2011 |
| <i>Triticum durum</i> Desf. | Harðhveiti | TP 120/2 frá 6.11.2003 |

| Vísindaheiti | Almennt heiti | Aðferðarlýsing yrkis- skrifstofu Bandalagsins |
|-----------------------------|---------------|--|
| <i>Zea mays</i> L. | Maís | TP 2/3 frá 11.3.2010 |
| <i>Solanum tuberosum</i> L. | Kartöflur | TP 23/2 frá 1.12.2005 |

Þessar aðferðarlýsingar eru á vefsíðu yrkisskrifstofu Bandalagsins (www.cpvo.europa.eu).

Grænmeti.

Skrá
yfir tegundir sem eiga að fullnægja aðferðarlýsingum
yrkisskrifstofu Bandalagsins (CPVO) að því er varðar prófanir.

| Vísindaheiti | Almennt heiti | Aðferðarlýsing yrkis- skrifstofu Bandalagsins |
|---|---|--|
| <i>Allium cepa</i> L. (Cepa-yrkishópur) | Laukur og bananaskalottlaukur (Echalion) | TP 46/2 frá 1.4.2009 |
| <i>Allium cepa</i> L. (Aggregatum-yrkishópur) | Skalottlaukur | TP 46/2 frá 1.4.2009 |
| <i>Allium fistulosum</i> L. | Pípulaukur | TP 161/1 frá 11.3.2010 |
| <i>Allium porrum</i> L. | Blaðlaukur | TP 85/2 frá 1.4.2009 |
| <i>Allium sativum</i> L. | Hvítlaukur | TP 162/1 frá 25.3.2004 |
| <i>Allium schoenoprasum</i> L. | Graslaukur | TP 198/2 frá 11.3.2015 |
| <i>Apium graveolens</i> L. | Sellerí | TP 82/1 frá 13.3.2008 |
| <i>Apium graveolens</i> L. | Hnúðsilla | TP 74/1 frá 13.3.2008 |
| <i>Asparagus officinalis</i> L. | Spergill | TP 130/2 frá 16.2.2011 |
| <i>Beta vulgaris</i> L. | Rauðrófa, þ.m.t. Cheltenham-rófa | TP 60/1 frá 1.4.2009 |
| <i>Beta vulgaris</i> L. | Blaðbeðja | TP 106/1 frá 11.3.2015 |
| <i>Brassica oleracea</i> L. | Grænkál | TP 90/1 frá 16.2.2011 |
| <i>Brassica oleracea</i> L. | Blómkál | TP 45/2 frá 11.3.2010 |
| <i>Brassica oleracea</i> L. | Spergilkál (kalabríukál) | TP 151/2 frá 21.3.2007 |
| <i>Brassica oleracea</i> L. | Rósakál | TP 54/2 frá 1.12.2005 |
| <i>Brassica oleracea</i> L. | Hnúðkál | TP 65/1 frá 25.3.2004 |
| <i>Brassica oleracea</i> L. | Blöðrukál, hvítkál og rauðkál | TP 48/3 frá 16.2.2011 |
| <i>Brassica rapa</i> L. | Kínakál | TP 105/1 frá 13.3.2008 |
| <i>Capsicum annuum</i> L. | Eldpipar eða paprika | TP 76/2 frá 21.3.2007 |
| <i>Cichorium endivia</i> L. | Hrokkinblaðssalat og breiðblaða salatfífill | TP 118/3 frá 19.3.2014 |
| <i>Cichorium intybus</i> L. | Iðnaðarsíkoría | TP 172/2 frá 1.12.2005 |
| <i>Cichorium intybus</i> L. | Jólasalat | TP 173/1 frá 25.3.2004 |
| <i>Citrullus lanatus</i> (Thumb.) Matsum. et Nakai | Vatnsmelóna | TP 142/2 frá 19.3.2014 |
| <i>Cucumis melo</i> L. | Melóna | TP 104/2 frá 21.3.2007 |

| Vísindaheiti | Almennt heiti | Aðferðarlýsing yrkis- skrifstofu Bandalagsins |
|---|-------------------------------------|--|
| <i>Cucumis sativus</i> L. | Gúrka og smágúrka | TP 61/2 frá 13.3.2008 |
| <i>Cucurbita maxima</i> Duchesne | Tröllagrasker | TP 155/1 frá 11.3.2015 |
| <i>Cucurbita pepo</i> L. | Grasker eða dvergbítur | TP 119/1 frá 25.3.2004 |
| <i>Cynara cardunculus</i> L. | Ætipistill og salatpistill | TP 184/2 frá 27.2.2013 |
| <i>Daucus carota</i> L. | Gulrót og fódurgulrót | TP 49/3 frá 13.3.2008 |
| <i>Foeniculum vulgare</i> Mill. | Fennika | TP 183/1 frá 25.3.2004 |
| <i>Lactuca sativa</i> L. | Salat | TP 13/5 frá 16.2.2011 |
| <i>Solanum lycopersicum</i> L. | Tómatur | TP 44/4 endursk. frá 27.2.2013 |
| <i>Petroselinum crispum</i> (Mill.) Nyman ex A. W. (Hill) | Steinselja | TP 136/1 frá 21.3.2007 |
| <i>Phaseolus coccineus</i> L. | Klifurbaun | TP 9/1 frá 21.3.2007 |
| <i>Phaseolus vulgaris</i> L. | Buskabaunir og stangarbaunir | TP 12/4 frá 27.2.2013 |
| <i>Pisum sativum</i> L. (partim) | Hýðisertur, mergertur og sykurertur | TP 7/2 endursk. frá 11.3.2015 |
| <i>Raphanus sativus</i> L. | Hreðka, vetrarhreðka | TP 64/2 endursk. frá 11.3.2015 |
| <i>Scorzonera hispanica</i> L. | Svartrót eða surtarrót | TP 116/1 frá 11.3.2015 |
| <i>Solanum melongena</i> L. | Eggaldin | TP 117/1 frá 13.3.2008 |
| <i>Spinacia oleracea</i> L. | Spínat | TP 55/5 frá 27.2.2013 |
| <i>Valerianella locusta</i> (L.) Laterr. | Vorsalat eða lambasalat | TP 75/2 frá 21.3.2007 |
| <i>Vicia faba</i> L. (partim) | Breiðbaunir | TP Broadbean/1 frá 25.3.2004 |
| <i>Zea mays</i> L. (partim) | Sykurmaís og poppmaís | TP 2/3 frá 11.3.2010 |
| <i>Solanum lycopersicum</i> L. x <i>Solanum habrochaites</i> S. Knapp & D.M. Spooner; <i>Solanum lycopersicum</i> L. x <i>Solanum peruvianum</i> (L.) Mill.; <i>Solanum lycopersicum</i> L. x <i>Solanum cheesmaniae</i> (L. Ridley) Fosberg | Frumstofnar tómata | TP 294/1 frá 19.3.2014 |

Þessar aðferðarlýsingar eru á vefsíðu yrkisskrifstofu Bandalagsins (www.cpvo.europa.eu).

B. UPOV

Nytjaplöntur í landbúnaði.

Skrá
yfir tegundir sem eiga að fullnægja viðmiðunarreglum
Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja að því er varðar prófanir.

| Vísindaheiti | Almennt heiti | Viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja |
|--|--|---|
| <i>Beta vulgaris</i> L. | Fóðursykkurrófa | TG/150/3 frá 4.11.1994 |
| <i>Agrostis canina</i> L. | Týtulíngresi | TG/30/6 frá 12.10.1990 |
| <i>Agrostis gigantea</i> Roth. | Stórlíngresi | TG/30/6 frá 12.10.1990 |
| <i>Agrostis stolonifera</i> L. | Skriðlíngresi | TG/30/6 frá 12.10.1990 |
| <i>Agrostis capillaris</i> L. | Hálíngresi | TG/30/6 frá 12.10.1990 |
| <i>Bromus catharticus</i> Vahl | Sólfax | TG/180/3 frá 4.4.2001 |
| <i>Bromus sitchensis</i> Trin. | Sitkafax | TG/180/3 frá 4.4.2001 |
| <i>Dactylis glomerata</i> L. | Axhnoðapunktur | TG/31/8 frá 17.4.2002 |
| <i>Festuca arundinacea</i> Schreber | Tágavingull | TG/39/8 frá 17.4.2002 |
| <i>Festuca pratensis</i> Huds. | Hávingull | TG/39/8 frá 17.4.2002 |
| <i>xFestulolium</i> Asch. et Graebn. | Blendingar sem koma fram við kynblöndun tegunda af ættkvíslinni <i>Festuca</i> og tegunda af ættkvíslinni <i>Lolium</i> | TG/243/1 frá 9.4.2008 |
| <i>Phleum nodosum</i> L. | Hnúðfoxgras | TG/34/6 frá 7.11.1984 |
| <i>Phleum pratense</i> L. | Vallarfoxgras | TG/34/6 frá 7.11.1984 |
| <i>Poa pratensis</i> L. | Vallarsveifgras | TG/33/7 frá 9.4.2014 |
| <i>Lotus corniculatus</i> L. | Akurmaríuskór | TG 193/1 frá 9.4.2008 |
| <i>Lupinus albus</i> L. | Ljósálúpína | TG/66/4 frá 31.3.2004 |
| <i>Lupinus angustifolius</i> L. | Lensúlúpína | TG/66/4 frá 31.3.2004 |
| <i>Lupinus luteus</i> L. | Ilmlúpína | TG/66/4 frá 31.3.2004 |
| <i>Medicago sativa</i> L. | Refasmári | TG/6/5 frá 6.4.2005 |
| <i>Medicago x varia</i> T. Martyn | Sandrefasmári | TG/6/5 frá 6.4.2005 |
| <i>Trifolium pratense</i> L. | Rauðsmári | TG/5/7 frá 4.4.2001 |
| <i>Trifolium repens</i> L. | Hvítsmári | TG/38/7 frá 9.4.2003 |
| <i>Vicia faba</i> L. | Garðbaunir | TG/8/6 frá 17.4.2002 |
| <i>Vicia sativa</i> L. | Fóðurflækja | TG/32/7 frá 20.3.2013 |
| <i>Raphanus sativus</i> L. var. <i>oleiformis</i> Pers. | Fóðurhreðka | TG/178/3 frá 4.4.2001 |
| <i>Arachis hypogea</i> L. | Jarðhnetur | TG/93/4 frá 9.4.2014 |

| Vísindaheiti | Almennt heiti | Viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja |
|--|------------------|---|
| <i>Brassica rapa</i> L. var. <i>silvestris</i> (Lam.) Briggs | Nepja | TG/185/3 frá 17.4.2002 |
| <i>Carthamus tinctorius</i> L. | Litunarþistill | TG/134/3 frá 12.10.1990 |
| <i>Gossypium</i> spp. | Baðmull | TG/88/6 frá 4.4.2001 |
| <i>Papaver somniferum</i> L. | Valmúi | TG/166/4 frá 9.4.2014 |
| <i>Sinapis alba</i> L. | Hvítur mustarður | TG/179/3 frá 4.4.2001 |
| <i>Glycine max</i> (L.) Merrill | Sojabaunir | TG/80/6 frá 1.4.1998 |
| <i>Sorghum bicolor</i> (L.) Moench | Dúrra | TG/122/3 frá 6.10.1989 |

Texta þessara viðmiðunarreglna er að finna á vefsíðu Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja (www.upov.int).

Grænmeti.

Skrá
yfir tegundir sem eiga að fullnægja viðmiðunarreglum
Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja að því er varðar prófanir.

| Vísindaheiti | Almennt heiti | Viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja |
|-----------------------------|----------------------|---|
| <i>Brassica rapa</i> L. | Næpa | TG/37/10 frá 4.4.2001 |
| <i>Cichorium intybus</i> L. | Ítalskur kaffifífill | TG/154/3 frá 18.10.1996 |
| <i>Rheum rhabarbarum</i> L. | Rabarbari | TG/62/6 frá 24.3.1999 |

Texta þessara viðmiðunarreglna er að finna á vefsíðu Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja (www.upov.int).